

Nd. 13. Frumvarp til laga

um Raufarhafnarlæknishérað.

Flm.: Gisli Guðmundsson.

1. gr.

Stofna skal, þegar landlæknir mælir með, sérstakt læknishérað, er nefnist Raufarhafnarlæknishérað, og skipa sérstakan héraðslækni til að þjóna því. Skal hann hafa búsetu á Raufarhöfn.

2. gr.

Raufarhafnarlæknishérað nær yfir Austur-Sléttu frá Rifi og vesturhluta Þistilfjarðar að Kollavík, og minnka núverandi Öxarfjarðar- og Þistilfjarðarlæknishéruð sem því svarar.

3. gr.

Laun héraðslæknis skulu ákveðin af heilbrigðisstjórninni, unz þau verða ákveðin í launalögum.

4. gr.

Á meðan skilyrði 1. gr. eru ekki fyrir hendi skal ár hvert settur læknir á Raufarhöfn mánuðina júní--september, að háðum meðtöldum, og nái starfssvið hans yfir

Raufarhafnarlæknishérað eins og það er ákveðið í 2. gr. Þóknun læknisins skal ákveðin af heilbrigðisstjórninni.

5. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Frv. þessa efnis hefir verið flutt á Alþingi 1936, 1937 og 1938, en eigi náð fram að ganga. Alþingi hefir hinsvegar tekið upp í fjárlög 1000 kr. fjárveitingu til að launa lækni á Raufarhöfn um sildveiðitímann. En sú lausn getur ekki talizt fullnægjandi, enda þótt í henni felist mikil viðurkenning frá Alþingi á nauðsyn málsins.

Íbúar Raufarhafnar og nágrennis þurfa nú að sækja lækni til Kópaskers, sem er mjög erfitt og kostnaðarsamt. Sömuleiðis eiga vesturbærir Þistilfjarðar mjög erfiða læknissókn til Þórshafnar. Er frv. flutt samkvæmt áskorun almenns borgarafundar á Raufarhöfn, 13. febr. 1936, og áskorunum, er síðar hafa borizt.

Áherzla skal á það lögð, að heilbrigðisástand á Raufarhöfn hefir undanfarið verið allalvarlegt, og að slyshætta er þar jafnan nokkur í sambandi við iðnrekstur um sumartímann. Um sildveiðitímann kemur þangað fjöldi skipa, sem geta þurft á læknisaðstoð að halda. Við þetta er bráðabirgðaákvæði 4. gr. miðað.

Að öðru leyti vísast til þeirra ástæðna, sem fram eru færðar í erindi til Alþingis, sem samið er af nefnd, er nefndur borgarafundur kaus til að rita Alþingi um málið. Rétt er að taka það fram, að íbúum Raufarhafnar hefir fjölgað talsvert síðan erindið var samið.

Fylgiskjal.

Erindi til Alþingis.

Hinn 13. febrúar þ. á. var almennur borgarafundur haldinn hér á Raufarhöfn, þar sem m. a. var rætt um þá nauðsyn, að hér verði hið bráðasta stofnað nýtt læknishérað. Fundurinn kaus okkur undirritaða til að skrifa hinu háa Alþingi um málið.

Við viljum því hér með draga fram nokkur rök fyrir nauðsyn þessa máls, sem jafnframt geta verið til skýringar fyrir þá háttvirtu þingmenn, sem ekki eru kunnugir staðháttum.

Þess skal og getið, að héraðslæknir okkar, hr. Jón Árnason á Kópaskeri, er því mjög meðmæltur, að hér verði settur læknir, og er það því í fullu samráði við hann, að fram á þetta er farið, og nokkur af eftirfarandi atriðum eftir honum höfð.

1. Öxarfjarðarhérað nær, sem kunnugt er, frá Ormarsá, austan við Raufarhöfn, að Tunguheiði og upp á Hólsfjöll. Mun vegarlengdin enda á milli, héðan og upp á Hólsfjöll, eigi skemmri en ca. 200 km., en frá bústað læknisins til Raufarhafnar eigi skemmri en 60 km., og auk þess heiðarvegir allsnjóþungir og óvarðaðir á milli. Getur því að vetrarlagi verið næstum ókleift að ná í lækni um fleiri daga, jafnvel þótt hann sé heima, og sjúklingar því hjálparlausir þann tíma.
2. Kostnaður við læknisvitjanir hingað til Raufarhafnar og grennd verður svo mikill, að öllum þorra manna er nær ókleifur.

Héraðslæknirinn hefir gefið okkur þær upplýsingar, að meðaltalskostnaður við hverja ferð sína hingað verði ca. kr. 70.00 auk læknishjálpar, og kostnaður við að sækja lækni til Þórshafnar, sem stundum hefir verið gert, verður oftast meiri, enda hefir sá læknir einnig viðáttumikið hérað og því ekki ætíð að hann geti við slíku snúizt.

3. Hér í þorpinu eru liðlega 200 manns heimilisfastir, og í grenndinni, sveitinni, sem hugað er að tilheyri þessu læknishéraði, annað eins, svo það mundu verða ca. 400 manns, sem læknis yrðu njótandi með hægara móti við þessa breytingu. Auk þess kemur hér á sumrin fjöldi skipa, einkum veiðiskipa, innlendra sem

- útlendra, sem stundum þurfa til læknis að leita, og svo er rekin hér sildarbræðsluverksmiðja, sem af getur stafað slysaþætta, sem af annari vélaíðju.
4. Samkv. milliríkjasamningnum síðasta milli Íslands og Noregs, „norsku samningunum“, er Raufarhöfn ein af þeim höfnum, sem Norðmenn hafa leyfi til að notfæra sér, svo langt sem það nær, enda koma þeir oft hér við, er þeir koma hér upp á sumrin til síldveiða við Norðurland, til að taka vatn o. fl., áður þeir leggja út til veiða. Af þessum skipum, ásamt öðrum útlendum skipum, er hingað koma beint frá útlöndum, getur alltaf stafað farsóttarþætta, og því nauðsyn, að læknir sé ekki búsettur fjarri slíkum stöðum.
 5. Héraðslæknirinn skýrir svo frá, að fyrir nokkrum árum hafi berklaveiki verið nálega óþekkt hér á Raufarhöfn og Austur-Sléttu, en sé nú á seinustu árum mjög að breiðast út, og að ekkert viðlit sé fyrir sig í slíkri fjarlægð, er hann sitji, með viðáttumikið læknishérað, að hafa það eftirlit, sem nauðsynlegt sé í því efni.

Vér viljum því skora á hið háa Alþingi að athuga þau rök, er hér eru færð fram fyrir nauðsyn þess, að hér verði stofnað nýtt læknishérað.

Oss er það ljóst, hver útgjöld slíkt hefir í för með sér fyrir ríkið, en þegar betur er að gáð, gæti það ef til vill orðið sparnaður, að hér væri læknir, bæði fyrir ríkið og einstaklinga.

Óskum vér svo, að málaleitun vorri verði vel tekið af hinu háa Alþingi.

Með mikilli virðingu.

Raufarhöfn, 15. febrúar 1936.

Hólmsteinn Helgason. Einar B. Jónsson. Friðmundur Jóhannesson.

Til Alþingis Íslands, Reykjavík.